

**Efni: Samgönguáætlun 2019-2033 og fimm ára samgönguáætlun 2019-2023**

Það þarf vart að taka það fram að, það hvernig Alþingi hefur forgangsraðað samgönguframkvæmdum undanfarna áratugi er hrikaleg mismunun gagnvart íbúum þéttbýlisins á SV-horni landsins. Og að Alþingi skuldi ekki hafa beint meira fjármagni til að styrkja samgöngur svæðisins eftir að ferðamönnum stórfjölgæði aðallega á SV-horninu er allt að því glæpsamlegt, í ljósi þess hversu mörg dauða- og stórslys verða á svæðinu. Það er augljós staðreynd að stórbætt vegakerfi á SV-horninu mun snar fækka slíkum slysum. Og eins og komið hefur fram er í því fólgin gríðarleg hagkvæmni að bæta vegakerfið sem mest áraun er á, því hvert slys kostar samfélagið óheyrilega, að ekki sé talað um tjón einstaklingana sem fyrir verða og aðstandenda þeirra.

Því miður er þess ekki að vænta að Alþingi taki að útdeila vegafjármagni með sanngjörnum hætti að þessu leyti á meðan misvægi atkvæða og samviska alþingismanna er óbreytt.

Þess vegna virðast engin ráð önnur en taka upp veggjöld á helstu vegum til að stórauka þá fjármuni sem verja má í stofnframkvæmdir á SV-horninu. Það verður að ganga þannig frá málum að fjármunirnir sem þannig verða innheimtir verði forgangsraðað eftir raunverulegum þörfum miðað við umferð og slysatíðni og hagkvæmni sem tekur tillit til slyshættu.

Með ofangreint í huga styðja ég þær hugmyndir um veggjöld sem reifaðar eru samgönguáætlun þessari.

Virðingarfyllst,

Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur